



Heilbrigðisráðherra
Frú Alma Dagbjört Möller
Heilbrigðisráðuneytinu
Síðumúla 24
108 Reykjavík

Reykjavík 26. júní 2025

Efni: Óásættanleg bið eftir geislameðferð

Krabbameinsfélagið sendi Landspítala fyrirspurn um bið eftir krabbameinsmeðferðum í mars síðastliðnum. Í svari spítalans sem barst tveimur mánuðum síðar kom meðal annars fram að bið eftir geislameðferð við sumum krabbameinum er mjög löng, einkum bið eftir geislameðferð við krabbameini í brjóstum og blöðruhálskirtli.

Krabbameinsfélagið hefur skoðað málið frekar í samtölum við bæði heilbrigðisstarfsfólk og sjúklinga. Staðan er sláandi. Í mörgum tilvikum er biðin eftir geislameðferð tvöfalt lengri en það sem hingað til hefur talist ásættanlegur hámarksbiðtími. Nákvæmar tölur er erfitt að birta, þar sem svör Landspítala eru birt með nokkrum fyrirvörum vegna óljósrar skráningar en einnig vegna þess að opinber biðtímaviðmið hafa ekki verið gefin út.

Of langur biðtími skerðir lífsgæði sjúklinga og fjölskyldna þeirra og veldur miklu álagi og streitu fyrir utan að lengja veikindaferli. Þessi staða veldur einnig heilbrigðisstarfsfólki áhyggjum og viðbótarstreitu. Biðtími getur einnig haft neikvæð áhrif á batahorfur sjúklinganna og dregið úr árangri krabbameinsmeðferðar.

Krabbameinsfélagið hefur ítrekað bent á þær áskoranir sem blasa við í heilbrigðiskerfinu og tengjast mikilli fjölgun nýrra krabbameinstilvika sem og fjölgun þeirra sem eru á lífi eftir að meðferð lýkur. Öllum er ljóst að þeim áskorunum verður ekki mætt með sömu björgum og hingað til. Þær spár sem gerðar hafa verið um fjölgun nýrra tilfella og fjölgun lifenda eru að ganga eftir og það fjölgar í þessum hópum jafnt og þétt á hverju ári. Áskoranirnar eru því ekki bara í framtíðinni, þær eru þegar orðnar áskoranir dagsins í dag og munu stigmagnast hratt næstu árin. Spár Krabbameinsfélagsins gera ráð fyrir 57% fjölgun krabbameinstilvika, frá árslokum 2022 til 2040 og 54% fjölgun lifenda á sama tíma*.

Hvað geislameðferð varðar eru línuhraðlar hlutfallslega færri á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum. Í sænskri skýrslu frá árinu 2022** var dregin upp mynd af bágrri stöðu varðandi þessi mál í Svíþjóð, með 6,9 línuhraðla pr milljón íbúa samanborið við 8 í Noregi og

* <https://www.laeknabladid.is/tolublod/2024/0708/nr/8701>

**https://cancercentrum.se/download/18.7ef8e06c1966b5e0eb88f1b/1745784790413/rapport_benchmark-stralbehandling-rcc---220926.pdf

9,4 í Danmörku og í Finnlandi. Í dag er sambærileg tala hér á landi 5,1 línuhraðall pr milljón íbúa. Fjölgun línuhraðla leysir hinsvegar ekki allan vandann, hér þarf líka að koma upp sérhæfðu húsnæði fyrir þá og tryggja sérhæfða mönnun sem verulega skortir á í dag. Vonandi gerist það eins fljótt og mögulegt er. Það leysir hins vegar ekki stöðu þeirra sem þegar bíða eftir geislameðferð eða þeirra sem þarfnast meðferðar í náinni framtíð.

Hvað er til ráða? Sjúklingar eiga rétt á að sækja heilbrigðisþjónustu erlendis þegar ekki er unnt að veita hana hérlandis eða biðtími fer fram úr viðmiðum eins og raunin er varðandi ofangreinda geislameðferð. Skyld er að upplýsa sjúklinga ef þeir geta fengið meðferð fyrir annars staðar. Hér er ekki um mál einstakra sjúklinga að ræða heldur sjúklingahópa. Óraunhæft er að ætla að þessi mál séu leyst milli einstakra sjúklinga og lækna þeirra auk þess sem slíkt eykur hættu á ójöfnuði.

Vandinn er kerfisbundinn og við honum þarf að bregðast tafarlaust. Mikilvægt er að fundin verði greið leið fyrir sjúklinga að nauðsynlegri meðferð, leið sem ekki tekur of mikið af dýrmætum tíma heilbrigðisstarfsfólks.

Krabbameinsfélagið telur afar brýnt að þegar í stað verði kannaðir möguleikar á aðgengi íslenskra krabbameinssjúklinga að geislameðferð í einhverju nágrannalandanna og að gengið verði frá samningi þar að lútandi. Málið þolir einfaldlega ekki bið.

Árangur hér á landi varðandi krabbamein er mjög góður og mikilvægt að tryggja að svo verði áfram. Tryggt aðgengi að nauðsynlegri meðferð, á réttum tíma, er þar lykilatriði.

Krabbameinsfélagið veitir að sjálfsögðu frekari upplýsingar ef óskað er.

Með von um skjót viðbrögð.

Fyrir hönd
Krabbameinsfélags Íslands



Halla Þorvaldsdóttir
framkvæmdastjóri

Afrit: María Heimisdóttir, landlæknir; starfsfólks Landspítala: Runólfur Pálsson, forstjóri; Vigdís Hallgrímsdóttir, framkvæmdastjóri hjarta-, augn- og krabbameinsþjónustu; Jakob Jóhannsson, yfirlæknir; Hlíf Steingrímsdóttir, forstöðulæknir; Halldóra Hálfðánardóttir, forstöðuhjúkrunarfræðingur, Velferðarnefnd Alþingis